

BÚR vill greiða raunvirði undirmálsfisksins úr Ingólfi Arnarsyni

A fundi útgerðarráðs Bæjarútgerðar Reykjavíkur sfðastliðinn miðvikudag var fjallað um þann úrskurð sjávarútvegsráðuneytisins að undirmálsfiskur úr Ingólfi Arnarsyni skyldi gerður upp-tækur. Samþykkti útgerðarráðið að greiða undirmálsfiskinn, á sama verði og skipið fékk fyrir aflann, en fiskurinn fór allur í gúanó og fékk skipið fyrir hann 244 þús. krónur en ekki 737 þús.

eins og kemur fram í úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins.

Að sögn Jónasar Haraldssonar lögfræðings Landssambands ísl. útvegsmanna var þessi úrskurður ráðuneytisins haldinn miklum og alvarlegum annmörkum.

„Lög þessi hafa verið mjög umdeild, þar sem hér er verið að færa dómsvaldið að vissu marki í hendur framkvæmdavaldinu, þ.e. sjávarútvegsráðuneytinu, auk þess sem löggin gera það ekki að skilyrði fyrir upptöku, að um refsiverðan verknað sé að ræða. Telja margir, að lög þessi brjóti í bága við sjálfa stjórnarskrána, þar sem Framhald á bls. 25



Ljósfr. Mbl. RAX

FUNDUR ráðamanna Mikla norræna símafélagsins og fulltrúa Íslensku póst- og símamálastjórnarinnar hefur staðið yfir í Reykjavík síðustu daga, og hefur einkum verið rætt um talsímasamning þann sem í gildi er milli þessara tveggja aðila. Morgunblaðið fékk upplýst hjá einum fundarmanni í gærkvöldi að víðræður væru langt komnar, en ekki yrði hægt að segja neitt fyrr en að þeim loknum. Myndin var tekin á fundi víðræðunefndanna.

Norræni fjárfestingabankinn:

Rætt um járnblendiverksmiðjuna á fundi

NÆSTKOMANDI þriðjudag hefst í Ósló fundur bandastjórnar Norræna fjárfestingarbankans. Meðal mála á dagskrá fundarins er lánsumsókn Járnblendifélagsins vegna fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Verða þá lögð fram gögn frá félaginu og viðbótargögn, sem stjórn bankans hefur aflað sér á Íslandi.

Jón Sigurðsson, þjóðhagstjóri, sem á sæti í stjórn bankans, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að komið hefði til tals, að einhvers konar viljayfirlýsing yrði gefin út á fundinum vegna þessarar umsóknar, „en hvort svo verður get ég ekkert um sagt,“ sagði Jón.

Áfram góðar síldarsölur

TVEIR bátar seldu síld í Hirtshals í Danmörku í gær fyrir alls 8.1 millj. kr. Náttfari ÞH seldi 70 lestir fyrir 4.9 millj. kr. og Ísleifur VE seldi 44.5 lestir fyrir 3.2 millj. kr. Meðalverð fyrir hvert kg var 71 króna hjá Náttfara og 72 krónur hjá Ísleifi.

Bjargráðasjóður vanmegnugur að bæta bændum óþurrkatjón

BJARGRÁÐASJÓÐUR er fjárvana og ekki þess megnugur að bæta bændum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum óþurrka. Sjóðurinn hefur þegar veitt styrki og lán úr báðum deildum sínum, sem nema ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári og 30 milljónum króna betur. Enn hafa bændur á óþurrkasvæðunum

Stjórn sjóðsins vinnur að því að breyta lögum hans og afla meiri tekna

ekki sent inn beiðni um aðstoð og því er ekki ljóst, hver endanleg fjárförf verður, en búast má við að hún verði veruleg sunnanlands og vestan. Stjórn sjóðsins er nú að ganga frá frumvarpi til breytinga

á lögum sjóðsins — samkvæmt beiðni félagsmálaráðherra, en þar er gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til sjóðsins.

Samkvæmt upplýsingum Hallgríms Dalbergs, ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, en hann er stjórnarformaður Bjargráðasjóðs, eru rekstrartekjur sjóðsins óafturkræf framlög sveitarfélaga, 50 krónur á hvern íbúa, og nema þau á yfirstandandi ári 10.951.000 krónum. Þá eru og óafturkræf framlög frá búvöruframleiðendum, sem nema 0,25% af söluvörum landbúnaðarværu og áætlað að tekjur af þessum tekjustofni

nemi á árinu 1976 25 til 30 milljónum króna. Í þriðja lagi eru svo jafnhá mótframlög frá ríkissjóði, sem áætluð eru 36 til 41 milljón króna á þessu ári.

Bjargráðasjóði er skipt í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Heildartekjur beggja deildanna eru áætlaðar á þessu ári 72 til 82 milljónir króna. Áætlaðar rekstrartekjur sjóðsins á þessu ári, sem skiptast á milli deildanna, eru: almenn deild 16 milljónir króna og búnaðardeild 56 til 66 milljónir. Frá rekstrartekjum sjóðsins dragast útgjöld vegna rekstrarkostnaðar og vaxtagreiðslna, en ráðstöfunartekjur deildanna eru áætlaðar 28 milljónir í almennu deildinni en í Framhald á bls. 24

FÍM-sýningunni lýkur á sunnudag

HAUSTÝNING Félags Íslenskra myndlistarmanna hefur nú staðið frá 28. ágúst á Kjarvalsstöðum. Aðsókn hefur verið góð og fjöldi verka selt. Þeirri nýbreytni að hafa tónleika og kvikmyndasýningar á Haustsýningu hefur verið tekið mjög vel.

Nú líður að lokum sýningarinnar, en síðasti sýningardagur er sunnudagurinn 12. september, en ákveðið er að hún standi ekki lengur. Kvikmyndasýningar um heimsfræga erlenda myndlistarmenn verða daglega til sýningarloka, og á laugardaginn 11. september milli klukkan 15 og 17 mun söngflokkurinn Hljómeyki syngja þrisvar sinnum á Kjarvalsstöðum blandaða efnisskrá eftir innlenda og erlenda höfunda. Kvikmyndasýningar og tónleikarnir eru innifaldir í aðgangseyri sýningarinnar.



Mynd eftir Picasso, en hann er einn þeirra listamanna, sem sjá má í kvikmyndum sýningarinnar.

Þurrkur síðustu daga hefur bjargað bændum

„ÉG HEF haft spurnir af bændum austan Fjalls og eins af bændum á Vesturlandi. Margir þeirra hafa náð inn miklu af heyjum undanfarna þurrkdaga, að vísu er heyið annaðhvort hrakið eða úr sér sprottið, en engu að síður hafa þessir þurrkdagar bætt ástandið á óþurrkasvæðunum mikið,“ sagði Hannes Pálsson, fulltrúi hjá Búnaðarfélagi Íslands, í samtali við Morgunblaðið í gær.

Hann sagði, að bændur væru búnir að hirða allt hey, en enn ættu margir mikið hey úti, því

væri óhætt að fullyrða að heyskapur hefði gengið misjafnlega á óþurrkasvæðinu.

— Fjöldinn er með stórskemmt fóður, en einstaka menn, þeir sem hafa vakað yfir öllu og byrjuðu snemma, virðast hafa náð sæmleikum heyjum, sagði Hannes.

Ráðherrar í London

ALLMARGIR ráðherrar Íslensku ríkisstjórnarinnar eru nú í London eða eru um það bil að fara þangað. Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra, er nú staddur í London, svo og Gunnar Thoroddsen, iðnaðarráðherra. Þá mun Einar Agústsson, utanríkisráðherra, væntanlegur til London í dag, en Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra, er væntanlegur þangað á sunnudag. Þá má einnig geta þess, að aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Einar Ingvarsson, er nú staddur í London.

Matthías Bjarnason er á leið til Aþenu, þar sem hann mun sitja fund alþjóða heilbrigðismálaráðsins, Einar Agústsson er á leið heim frá meginlandi Evrópu og Geir Hallgrímsson er á leið í sumarleyfi.

Setti svip á þróun heimsmála fremur en aðrir samtímamenn

MEÐ Mao Tse-tung er fallin leiðtogi fjölmennustu þjóðar veraldar. Hann var ótvíræður forystumaður Kínverja, allt í senn hershöfðingi, stjórnmaðlaforingi og andlegur leiðtogi. Með áhrifum sínum og kenningum hefur hann líklega frekar en nokkur annar samtímamaður sett svip sinn á þróun heimsmála undanfarið.

Við lát Mao Tse-tungs hljóta því að Ummæli Geirs Hallgrímssonar við andlát Mao-Tse-tungs

vakna margvíslegar spurningar um framvindu mála bæði innan Kína og utan, er vissulega kann einnig að skipta okkur Íslendinga máli. Hér verður engum getum að því leitt, hvað í þeim efnium kann að gerast, en kínversku þjóðinni vottuð einlæg samúð og sú von látin í ljós, að hún bregðist við með því jafnaðargeði, sem er einkenni hennar.



Geir Hallgrímsson